

## Wilfried Kaets



Að loknu framhaldsnámi í tónlist í Düsseldorf hóf Wilfried Kaets að sérhæfa sig í orgelspuna. Hann stundaði nám hjá ýmsum meisturum á því sviði svo sem O. Latory í París, H. Riethmüler í Berlín og P. Eben í Prag. Hann hefur haldið fjölda tónleika um víða veröld og hlotið verðlaun fyrir leik sinn.

Frá árinu 1986 hefur Wilfried Kaets fengist við að gera tónlist við þöglar kvikmyndir og hefur hann nú þegar gert tónlist við um 140 kvikmyndir. Hann er umsjónarmaður sögulega Welte-bíóorgelsins í Kvikmyndasafninu í Düsseldorf og hefur jafnframt komist í kynni við og numið af gömlum bíóorganistum sem störfuðu við fagið á fyrsta þriðjungi síðustu aldar.

Kvikmyndatónlist eftir Kaets hefur víða verið flutt í Þýskalandi, ekki aðeins í kvikmyndahúsum heldur einnig í kirkjum og tónleikasölum.

Kaets hefur verið meðal skipuleggjenda fjölda hátíða og málþinga þar sem þöglar kvikmyndir hafa verið í öndvegi.

Wilfried Kaets býr í Köln og starfar sem tónskáld, kantor og dósent við Tónlistarháskólann þar í borg.